

# 198. fundur

stjórnar LSS haldinn fimmtudaginn 16.04 2010 kl. 10:00  
á skrifstofu LSS Brautarholti 30 , 105 Reykjavík.

Mættir: SBB, FH, IGG, BV, BI, BKrþ, SvB, GMB.

## 1. Fundargerð síðasta fundar.

Sp.

## 2. Mál Þórðar Kárasonar

LSS og Kef ohf deila um hvort uppsögn ÞK hjá Kef ohf hafi verið lögmæt.  
Ákveðið að LSS taki að sér að fara með málið fyrir dóm.

## 3. Störf þingsins

Farið yfir dagskrá og gögn 13. þings LSS. Þingið verður haldið í Lágmúla 4 og hefst kl. 13:00 og er áætlað að því ljúki um kl. 19:00 í dag og hefjist síðan að nýju kl. 9:00 í fyrramálið. Þinginu lýkur með Þinggleði á laugardagskvöldinu. Farið yfir verkaskiptingu stjórnarmanna við framlagningu tillagna á þinginu.

## 4. Reykjavíkurflugvöllur

Mönnunarmál á Reykjavíkurflugvelli tóku breytingum eftir afskipti Umhverfisstofnunar. Núna eru 4 slökkviliðsmenn á háannatíma yfir daginn og 2 á nóttunni.

## 5. Önnur mál:

- a) Ekkert þokast áfram í kjaraviðræðum Landssambands lögreglumanna við ríkið og hefur LL ákveðið að setja málið í gerðadóm þar sem þeir hafa ekki verkfallsrétt.